

Reykjavík, 18. janúar 2024

Varðar: Mál nr. 994/2023 – Vegur um Jónsnes.

Fyrir hönd Jónsness ehf., eiganda jarðarinnar Jónses, kemur undirritaður á framfæri eftifarandi athugasemdum vegna umsagnar Náttúrufræðistofnar Íslands, dagsetri 15. janúar sl.

Í umsögn Náttúrufræðistofnar Íslands segir:


„Vottendið greinist ekki vel frá mólendisvistgerðum á vistgerðakorti, sem er þekkt ur galli í kortinu.“

Umbjóandi minn tekur undir þessa athugasemd og bendir á að kort það sem Náttúrufræðistofnun Íslands setur inn í umsögn sína, er ekki í samræmi við raunverulegar aðstæður á jörðinni.

Með vísan til þessa fyrirvara Náttúrufræðistofnar um ágalla á kortinu telur umbj. minn að það hefði verið full ástæða fyrir stofnunina að kynna sér aðstæður og/eða kalla eftir upplýsingum um jörðina. Það var hins vegar ekki gert, sem rýrir mjög grundvöll umsagnar stofnunarinnar, að mati umbj. míns.



Á ofangreindri mynd má sjá að ekki er um að ræða mýrlendi eins og skilgreint er á korti Náttúrufræðistofnar.



Á ofangreindri mynd má sjá að ekki er um að ræða mýrlendi eins og skilgreint er á korti Náttúrufræðistofnar.

Þá segir í umsögn Náttúrufræðistofnar Íslands:

"Til er gróðurkort frá svæðinu sem sýnir að um er að ræða flóa og mýrar með klófflu eða mýrastör og eru ríkar af runnum og lyngi (V8 klóffifa-bláberjalyng-fjalldrapi, U3 mýrastör/stinnastör-fjalldrapi). Hér er því líklega um votlendisvistgerðinar brokflóavist og runnamýravist að ræða sem báðar hafa verið meðnar með mjög hátt verndargildi. Út frá gróðurkorti og fyrirhugaðri legu vegarins mætti áætla gróflega að nýi vegkaflinn fari samanlagt um 1 km af óframræstu votlendi, sem er um þriðjungur þess vegkafla."

Í umsögninni er talað um að 1 kílómeter af óframræstu votlendi sé á nýja vegstæðinu. Það er hins vegar rangt. Samkvæmt mælingu er það um 547m (140m, 190m, 66m, 27m, 66m, 58m). Gerð er athugasemd við þá fullyrðingu í umsögninni.

Gróðurkort það sem Náttúrúrufræðistofnun vitnar í, fylgir ekki umsögninni. Fyrir liggur að klóffifa, bláberjalyng og fjalldrapi er gríðarlega algeng gróðurtengund á Íslandi og verður að telja sérstakt að banna eigi vegagerð heim að hýbíli fólks (sem meðal annars miðar að því að tryggja öryggi eiganda með aðgengi sjúkrabíla eða slökkviliðs) vegna þessara tegunda. Er þeirri afstöðu því mótmælt. Verður hér að hafa í huga hagsmunamat um öryggi væntra ábúenda í Jónsnesi annars vegar og hins vegar mögulegt verndargildi plantna sem yfirdrifið er af á Íslandi. Þá má þess geta að í hinu áætlaða vegstæði hefur verið beitiland kinda og hesta um árabil og hefur aldrei verið í umræðu að takmarka beit vegna gróðurverndarsjónarmiða.

Hér vísast til hliðsjónar í vefina Flóra Íslands og Plöntuvefinn:


„Einkennistegundir mýrarinnar eru ýmsar starir, eins og mýrarstör, stinnastör. Stinnastör er algengasta þurrleikar landsins. Hún vex í margskonar gróðurlendum bæði þurru, en oft einnig í votlendi á hálandinu. Stinnastörin er algeng í móbundi, mosabembum, hraunum, grónum áreyrum og mikið í skridum og á grónum rindum jafnt sem snjódældum til fjalla. Hún er algeng frá láglendi upp í 1100 m hæð.“

Að því sögðu fær umbj. minn ekki séð af hverju þessar góðurtegundir ættu að koma í veg fyrir vegagerð að húsakostí í Jónsnesi til að tryggja öryggí fólks á svæðinu.

Varðandi tilvísun í fuglalíf á svæðinu:

„Gera má ráð fyrir að sú mósaík vistgerða sem barna er að finna standi undir miklum þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands. Er þá miðað við að um eða yfir 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýli Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum. Einig má nefna himbrima en hann verpur við bæði Ögur- og Hofstaðavatn (Róbert A. Stefánsson, munhleg heimild)“

Það er ítrekað að elgandi Jónsnes hefur ekki áhuga á að fæla fugla í burtu af svæðinu og hefur þvert á móti hug á verndun lands og dýralifs á jörönni í framtíðar uppbryggingaráformum sínum. Umbjóðandi minn vill hins vegar tryggja öryggi sitt og fólks sem Jónsnes sækir, með veginum og er þannig gott aðgengi mikilvægt.



Vísað er í munnlega heimild um varp Himbrima í athugasemdum Náttúrufræðistofnunar. Það verður til þess að líta að Himbrimar geta ekki gengið á landi, og eru að mestu á vatni, en skrifða á maganum að hreiðrum. Hreiðrið er stórt en grunn laut á vatnsbakka eða í litlum hólma svo staðsetningum hreiðra er ekki á nokkurn hátt ógnað með áætluðu vegstæði. (tilvísun í fuglavefinn.is). Fer því fjarri að fuglalífi stafi á nokkurn hátt ógn af áætlaðri vegagerð eiganda Jónsnes.


Varpstöðvar og vetrarstöðvar Himbrima á Íslandi má sjá á ofangreindri mynd. Hofstaðarvatn og Ögurvatn eru stórt vötn og það er nóg svæði við vatnið fyrir Himbrima og alla fugla til að athafna sig.

Hvað varðar arnarvarp í landi Jónsness, þá vísað til fyri innsendra gagna frá umbj. mínum, en umbj. mínum hefur verið gerð grein fyrir því að í landinu hafi verið arnarvarp, en ekki hvar og hvenær. Í fyri ábendingu umbj. míns vísað til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, en skv. lögunum má ekki vera nær virku (egg í hreiðri eða ungar á legg) arnarvarpi en 500 metra á tímabilinu 15. mars til 15. ágúst. Framkvæmdatíminn er utan þessa tímaramma og eigandi jarðarlinnar hefur ekki aðrar upplýsingar en að arnarvarp hafi eitt sinn verið þarna en ekki undanfarin ár. Í lögunum er jafnframt talað um að ekki megi hreyfa við hreiðurstæðum 100 metra í hringmál um hreiðrið. Síkt stendur ekki til. Samkvæmt greinargerð með lögunum má sjá að það er gert ráð fyrir því að landeigendur geti komið nær hreiðrum ef þannig verkast vill, m.a. með tilliti til lögmæstra nytja jarðarlinnar. Til stendur af hálfu jarðelganda að nytja Jónsnes með æðarvarpi.

Þá segir í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

"Ekki kemur fram í greinargerðinni ástæða þess að til stendur að leggja nýjan veg frá Skálholti að Kolaborg í stað þess að fylgja gömlu slóðinni á milli Skálaholts og Hofstaða"

Eigendur Hofstaða vilja ekki að vegurinn farí framhjá húsakostum þeirra við Hofstaði lengur, en vilja að farinn sé leiðinni sem er gefinn upp á uppdrætti. Vegastæðið að Jónsnesi er því ekki valkvætt. Eigendur Ögars gera ekki athugasemd við þá leið, sem elgandi Jónsness áætlar vegagerðina. Hafa eigendur Jónsness áritað vegauppráttinn með samþykki sínu, sbr. neðangreinda mynd.



Í niðurlagi Náttúrufræðistofnunar Íslands segir svo:

"Það er mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að fyrirhugaður vegur um Jónsnes skuli fara í mat á umhverfisáhrifum. Taka þarf út bæði gróður og fuglalíf á fyrilliggjandi vegslóð frá Jónsnesi að Hofstöðum og í fyrirhuguðu nýju vegstæði frá Skálaholti að Kolaborg og bera þessa kosti saman."

Varðandi framangreinda nálgun Náttúrufræðistofnunar ber þess að geta að eigandi Jónsness er því ósammála að fyrirhugaður vegur elgi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Áætlað vegastæði er eina vegstæðið sem eingendum Jóness stendur til boða, því það er einfaldlega ekki í boði að fara í landi Hofstaða með vegstæðið að húsunum þar og inn á Hofstaðarveg.

Umbjóðandi minn telur ljóst að umsagnaraðili f.h. Náttúrufræðistofnunar er ekki kunnugur staðháttum að Jónsnesi og hefur ekki komið á staðinn til að kynna sér aöstæður. Telur umbjóðandi minn þannig útilokað að hægt sé að taka þá íþyngjandi ákvörðun um að setja áætlaða vegagerð í mat á umhverfisáhrifum, á grundvelli umsagnar Náttúrufræðistofnunar, þar sem hún er að verulegu leyti ófullnægjandi. Eldri vegurinn þarf ekki umhverfismat, því hann er búinn að vera þarna í yfir hundrað ár ef ekki í hundruðir ára (áður en allar verndaráætlani hafa tekið gildi).

Það skal sérstaklega tekið fram að eigandi Jónsnes hefur ekki hug á að breyta neinu í sambandi við fuglalíf á svæðinu eða raska því. Hefur hann þvert á móti áhuga að huga sérstaklega að fuglalífi og náttúru á jörönni þannig að jörðin verði sem blómlegust – bæði hvað varðar náttúru og dýralíf. Það er hins vegar óskirrtur réttur umbjóðanda míns að komast að fasteignum sínum á nútíma faratækjum og tryggja jafnframt öryggi við húsakost að Jónsnesi, en hingað til hefur verið farið á traktorum, fjórhljóum eða torfærublöfum. Það þarf að taka tillit til þess að nýi vegurinn er líka gerður til að tryggja öryggi þeirra sem munu gista eða halda til í Jónsnesi, því það getur alltaf þurft að halda sjúkrabílaðstoð, læknir eða aðstoð slökkvillið í framtíðinni. Í því sambandi vísast til þess að alvarlegt neyðartilvik kom upp árið 2023 sem fór því miður ekki vel. Það vill eigandi Jónsnes ekki að endurtaki sig ekki, en eins og staðan er í dag komast öryggis- og neyðarfaraartæki ekki um þann vegslóða sem er til staðar í dag.

Að öllu framangreindu sögðu eru ítrekuð mótmæli eiganda Jónsness hvað varðar þá afstöðu Náttúrufræðistofnunar að vegurinn eigi að fara í umhverfismat. Það er ekki um önnur vegastæði að ræða eða aðrar leiloðir færar til að tryggja öryggi þeirra sem eru í Jónsnesi. Þar er mikilvægt að tryggja aðgengi sjúkrabíls, læknis og slökkvillið að lögbýlinu Jónsnesi, ef alvarleg atvik koma upp eins og gerst hefur.

Umbjóðandi mínn vill taka sérstaklega fram og freka enn að honum er mikil kappsmál að vinna að uppbryggingu jarðarinnar með tilliti til náttúru og dýra og munu allar framkvæmdir hans miða að því til framtíðar litlög; hvort heldur um er að ræða vegagerð eða uppbryggingu mannvirkja sem eigandi jarðarinnar hyggst ráðast í á síðara tímamark.

Virðingarfyllst,

f.h. Jónsess ehf.

Lúðvík Órn Steinarsson

Lúðvík Órn Steinarsson hrl.

Reykjavík 2. febrúar 2024.

Varðar: Mál nr. 994/2023 – Vegur um Jónsnes.

Fyrir hönd Jónsness ehf., eiganda jarðarinnar Jónsnes, kemur undirritaður á framfæri eftirfarandi athugasemdu vegna umsagnar Umhverfisstofnunar, dagsettri 31. janúar sl.

Efnistaka

Í umsögn Umhverfisstofnunar segir eftirfarandi vegna efnistöku:

"Umhverfisstofnun bendi á að samkvæmt 13. gr. skipulagslaga er öll efnistaka á landi, úr botni vatnsfalla og stöðuvatna og úr hafssbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki hægt að skilgreina fyrirhugað efnistöku minni háttar. Auk þess þarf að fylla nánar hvort efnis sem á að taka mun gagnast í umrædda vegagerð."

Umbj. minn vill áréttu að sótt var um framkvæmdaleyfi fyrir veginum og efnistökusvæðinu. Umsókn um starfsleyfi á efnistökusvæði er hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og er í ferli þar. Á þessi ábending þannig ekki við rök að styðjast, þar sem umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir efnistökusvæðið hefur alltaf legið fyrir.

Varðandi efnistöku að öðru leyti, þá er umbj. minn ósammála því að hún sé veruleg og að hún sé umfram það sem telja megi til einkanota. Það er ekki talað um nein viðmið í þeim efnum, heldur einungis að efnið sé áætlað til einkanota. Síðan stendur til að ganga frá svæðinu að vegaframkvæmd lokinni.


Varðandi gæði þess efnis sem til stendur að nota í vegagerðina, þá vísar umbj. minn til reynslu af svæðinu. Í Helgafelissveit er fjöldi náma og þar er mikil af holtum eins og þar sem áætluð efnistaka í Jónsnesi er. Þetta er þekkt efni í vegagerð á svæðinu og hefur reynst vel um áratuga skeið.

Kort og gögn

Í málslið umsagnar Umhverfisstofnunar um kort og gögn segir:

"Erindinu fylgir gróður og náttúruminjakort í kvarðanum 1:250. Umhverfisstofnun bendir á að grunnkortin af svæðunum eru líklega ekki í kvarðanum 1:250, en kortasjá Náttúrufræðisstofnunar Islands sem sýnir sérstaka vernd vollendis er í kvarðanum 1:25.000."

Umbj. minn telur sérstakt – og ekki máli skipta – hvaða kvarðar eru á kortinu. Kortið er að finna hér að neðan. Á það skal bent að á kortinu er svæðið sem tallð er vera sjávarfitjar, skilgreint sem grassvæði, sem það í raun er. Sjávarfitjar myndast á svæðum þar sem sjór er lygn og enginn öldugangur er. Það svæði sem um ræðir úr landi Jónsness er hins vegar fyrir opnu hafi og er alls ekki lygnt svæði. Þá skal enn áréttu að vegstæðið sem er þegar til staðar á Jónsnesi er mun eldra en öll verndarákvæði laga. Lítur umbj. minn því þannig að vegstæðið sé venjuhelgað á þeim stað, þar sem það er og verði því ekki raskað, nema komið sé til móts við umbj. minn ef færa á veginn eða brúa svæðið. Slíkt verður þá á að vera á kostnað þeirra sem vilja breyta núverandi vegstæði.



Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í umsögn Umhverfisstofnunar segir:

"I 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins bér að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn bera til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi."

Eins og áður hefur komið fram í erindum umbj. míns þá eru ekki aðrir kostir í stöðunni með staðsetningu vegstæðisins. Samkomulag liggur fyrir milli allra landeiganda á Jónshnesi. Ögri og Hofstöðum og það er brýna nauðsyn til að leggja veginn að Jónshnesi til að tryggja aðkomu sjúkrabíla, læknisaðstoðar og slökkviliðs að Jónshnesi eins og hefur komið fram áður. Vísast hér til umsagnar Slökkviliðsstjórans í Stykkishólmi, þar sem hann bendir á mikilvægi greiðra samgangna við Jónshnesi. Það þarf að tryggja öryggi almennings jafnt sem eiganda að komast að Jónshnesi. Almenningur eru þannig líbúar jarðarinnar og aðrir sem elga þangað erindi, þ.m.t. læknar, sjúkrabílar, slökkvibilar o.s.fr. og eftir atvikum aðrir þeir sem erindi kunna að eiga í Jónshnesi. Leggur umbj. minn áherslu á að öryggi fólk s í Jónshnesi sé tryggt og er undir þau sjónarmið tekið í tilvitnuðu bréfi Slökkviliðsstjórans.

Í umsögn Umhverfisstofnunar segir síðan:

"Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstýðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu."

Umbj. minn leggur áherslu á að það eru ekki aðrir möguleikar í boði, eins og áður hefur komið fram. Þá er talað um „brýna nauðsyn“ í lögnum og umbj. minn telur það brýna nauðsyn í að leggja veginn til að tryggja öryggi almennings sem þarf að komast að Jónshnesi og er getið hér að ofan og svo vegna hagsmuna eiganda Jónshnes.

Þá segir í umsögn Umhverfisstofnunar:

"Að mati Umhverfisstofnunar getur framkvæmdi valda raski á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það, því þarf að skoða fleiri valkost, sérstaklega þá valkosti sem raska ekki votlendi. Umhverfisstofnun bendir á að votlendi er mjög mikilvægt. Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendinu en eins og tillagan er sett fram virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun á því."

Ítrekað er það sem að framan greinir. Aðilar eins og læknar, sjúkrabílar, slökkvilið eða starfsmenn sem eigandi Jónsnes ræður til almenns viðhalds á svæðinu eru, verða að teljast til almannahagsmuna og réttinda/hagsmuna þessara aðila að komast á öruggan hátt til og frá Jónsnesi. Þessir hagsmunir eru umbj. mínum og öllum þeim sem koma á jörðina ákaflega brýnir.

Í umsögninni segir síðan:

"*Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.*"

Hvað brýna hagsmuni varðar, vísast til framangreinds. Hér vekur þó athygli umbj. míns að talað er um *hraun*. Umbj. minn telur ljóst að þeir sem skrifa þessa umsögn hafa aldrei komið á það svæði sem um ræðir til að kynna sér aðstæður. Þar er einfaldlega ekkeit hraun að finna. Gerir umbj. minn alvarlegar athugasemdir við þetta – ekki er verið að raska neinu hrauni. Umsagnaraðila hefði verið í lófa lagið að kalla eftir upplýsingum um staðhætti áður en hann sendi inn umsögn sína, þ.a. hann gæti gengið úr skugga um hvernig staðháttum væri í raun háttar. Verður hann að bera hallan af því að hafa ekki gert það.

Þá segir í umsögninni:

"*Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúrumínjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd.*"

ENN ER HÉR BENT Á ÞAÐ Í UMSÖGN Umhverfisstofnunar að sækja þurfi um framkvæmdaleyfi. Ítrekað er að það hefur verið gert fyrir all löngu síðan og virðist sem það hafi ekki verið kynnt fyrir Umhverfisstofnun að þeir eigi að gefa umsögn um framkvæmdaleyfi, sem þegar er búið að sækja um.

ENN ÚR UMSÖGNINNÍ:

"*Ákvæði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstýðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.*"

Rökin eru í raun einföld og mikilvæg og hafa verið ítrekuð hér að ofan. Þau varða öryggi eigenda og öryggi almennings sem þarf að komst til og frá Jónsnesi. Er þar átt við læknar, sjúkrabíl, slökkvilið, almenna starfsmenn sem þurfa að t.d. að viðhalda byggingum við

Jónsnes, t.a.m. smiðl, rafvirkja, þípara o.s.frv. sem og aðra gesti eiganda sem verða í boði eiganda á svæðinu.

Lög um stjórn vatnamála

Í umsögninni segir:

"Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla) og öll skilgreind vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafraðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeiri kröfum að vatnsgæði rýrni ekki. Starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau...."

"Umhverfisstofnun bendir auk þess á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, segir að opinberar áættlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun."

Fyrir liggur að ekkert af þessu landsvæði er á vatnsverndarsvæði – hvorki í aðalskipulagi né á Vatnavefsjá eða Vatnagátt. Síðan er rætt um Vatnshlot, en Vatnshlot eru afmarkaðar stjórnsýslueiningar sem fá tiltekin raðnúmer innan stjórnar vatnamála. Til dæmis getur eitt stöðuvatn verið eitt Vatnshlot, eða tiltekinn hluti straumvatns. Ekkert þessa á við um umsókn umbj. míns og land hans. Þetta endurspeglar enn að mati umbj. míns að þeir sem hafa skrifa umsögn Umhverfisstofnunar hafa ekki komið á jörðina og kynnt sér aðstæður þar. Eru þeir því ókunnir staðháttum. Þá virðist sem Umhverfisstofnun hafi ekki rýnt aðalskipulag Helgafelssveitar að þessu leyti til, sem er aðfinnsluvert að mati umbj. míns.

Varðandi Breiðafjarðarnefnd, þá er ítrekað að hið áætlaða vegstæði er ekki inn á svæði sem heyrir undir nefndina, þ.e. nýja vegstæðið. Eldra vegstæðið sem er 2,4km að lengd hefur verið þar til staðar, a.m.k. frá árinu 1915.

Niðurstaða

Niðurstaða Umhverfisstofnunar er svohljóðandi:


"Umhverfisstonun telur í ljósi framangreinds að framkvæmdin geti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum."

Umbj. minn er alfarið ósammála niðurstöðu Umhverfisstofnunar um að framkvæmdin við vegagerðina eigi að vera háð umhverfismati. Það eru engin vatnsverndarsvæði á því landi sem um ræðir. Efnistökusvæðið er einungis til einkanota og verður gengið frá því eftir framkvæmdina. Það er ljóst að mati umbj. míns að umsagnaraðilar eru ókunnir staðháttum í Jónsnesi. Í lögunum er síðan rætt um „brýna nauðsyn“ sem réttlæt geti röskun, og þá fyrst og fremst brýna almannahagsmuni. Það er augljóst og skal ítrekað, að það þarf eðillega að tryggja öryggi þeirra sem þurfa að þjónusta lögbýlið Jónsnes. Tryggja þarf öryggi þeirra sem þar eru t.a.m. með skjótri aðkomu læknis, sjúkrabíla eða slökkviliðs, ef slikra aðstæður koma upp. Það er óskiljanlegt – og því mótmælt – ef mat á mögulegu jarðraski gangi framar

öryggi lífs manna sem kunna að þurfa á skjótri öryggisþjónustu að halda. Það er einfaldlega engin önnur leið í boði til að tryggja slíkt öryggi.

Umbj. minn ítrekar fyrri gögn í málinu og leyfir sér að vona að á grundvelli fyrirliggjandi gagna verði hægt að velta honum framkvæmdaleyfi án þess að fara þurfi í mat á umhverfisáhrifum. Það er eiganda Jónsnæss mikil kappsmál að ganga vel um jörð sína og mun hann í einu og öllu kappkosta að farið verði varlega um jörðina í öllum framkvæmdum sem hann mun fara í – hvort sem er vegna væntanlegrar vegagerðar, eða úrbóta og uppbygginga á húsaðosti til frambúðar. Væri í því skyni t.a.m. hægt að beina til umbj. míns ábendingum um tilhögun framkvæmdarinnar, sbr. 2 mgr. 20.gr. laga nr. 111/2021.

Virðingarfyllst;
f.h. Jónsnæss ehf.


Lúðvík Örn Steinarsson hrl.